

149. löggjafarþing 2018–2019.
Þingskjal 1395 — 747. mál.

Svar

**dómsmálaráðherra við fyrirspurn frá Andrésí Inga Jónssyni
um barnahjónabönd og endurskoðun hjúskaparlaga.**

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hvað líður endurskoðun á undanþágu frá skilyrðum um aldur hjónaefna, sbr. 7. gr. hjúskaparlaga, nr. 31/1993, sem dómsmálaráðherra boðaði í svari við fyrirspurn um barnahjónabönd á 148. löggjafarþingi (þskj. 987, 402. mál)?

Endurskoðun hjúskaparlaga, nr. 31/1993, er í vinnslu í ráðuneytinu og er fyrirhugað að leggja fram frumvarp til breytinga á hjúskaparlögum á næsta þingi.